

| <i>Tollnúmer:</i> | Vara | Tímabil | Vörumagn | Verðtollur | Magntollur |
|-------------------|--------------------------|-----------------|----------|------------|------------|
| | | | kg | % | kr./kg |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 02.08.-08.08.99 | ótilgr. | 7,5 | 69 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 09.08.-15.08.99 | ótilgr. | 15 | 138 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 16.08.-30.09.99 | ótilgr. | 22,5 | 207 |
| 0709.5100 | Sveppir | 01.07.-30.09.99 | ótilgr. | 7,5 | 100 |
| 0709.6003 | Paprika | 01.07.-30.09.99 | ótilgr. | 22,5 | 298 |
| 0709.6009 | Önnur (Chillepipar) | 01.07.-30.09.99 | ótilgr. | 30 | 0 |
| 0709.9002 | Kúrbítur | 01.07.-30.09.99 | ótilgr. | 30 | 0 |
| 0709.9009 | Annars | 01.07.-30.09.99 | ótilgr. | 30 | 0 |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Sigríður Nordmann.

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1999.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 404 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1999, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufla hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1999 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár á Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hólkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

2. gr.

Veiðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

| | Tarfar | Kýr | Samtals |
|--------------|---------------|------------|----------------|
| Svæði 1 | 8 | 10 | 18 |
| Svæði 2 | 84 | 86 | 170 |
| Svæði 3 | 23 | 30 | 53 |
| Svæði 4 | 0 | 0 | 0 |
| Svæði 5 | 17 | 18 | 35 |
| Svæði 6 | 19 | 24 | 43 |
| Svæði 7 | 20 | 27 | 47 |
| Svæði 8 | 9 | 4 | 13 |
| Svæði 9 | 15 | 10 | 25 |
| Alls: | 195 | 209 | 404 |

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga á veiðisvæðum sbr. 4. gr. með hliðsjón af ágangi hreindýra.

3. gr.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiðar því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Auk ofangreindra veiðiheimilda er ætlast til að kálfar, sem fylgt hafa felldum kúm, séu einnig felldir, sé þess kostur:

4. gr.

Veiðisvæðin ná yfir eftirtalin sveitarfélög:

Svæði 1

Vopnafjarðarhreppur
Norður Hérað, áður Jökuldalur norðan
Jökulsár á Brú
Norður Hérað, áður Jökulsárhlíð

Svæði 2

Norður Hérað, áður Jökuldalur austan
Jökulsár á Brú
Norður Hérað, áður Hróarstunga
Fellahreppur
Fljótsdalshreppur
Austur Hérað, áður Vellir vestan Grímsár
Austur Hérað, Skriðdalur vestan Grímsár

Svæði 3

Austur Hérað, áður Hjaltastaðapinghá
Austur Hérað, áður Eiðapinghá
Borgarfjarðarhreppur

Svæði 4

Austur Hérað, áður Vellir austan Grímsár
Fjarðabyggð, áður Reyðarfjörður

Svæði 5

Fjarðabyggð, áður Eskifjörður/Norðfjörður

Svæði 6

Austur Hérað, áður Skriðdalur austan Grímsár
Breiðdalur

Svæði 7

Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur,
Búlandshreppur og Geithellnahreppur

Svæði 8

Hornafjörður, áður Bæjarhreppur
Hornafjörður, Nesjahreppur

Svæði 9

Hornafjörður, áður Mýrarhreppur
Hornafjörður, áður Borgarhafnarhreppur
(Suðursveit)

5. gr.

Heimild þessi er veitt skv. 6. gr. reglugerðar nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða frá 13. júlí 1994, sbr. og 14. gr. laga 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfissráðuneytinu, 15. júní 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.